

Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Skóla- og frístundaráð styður þær tillögur sem fram koma í skýrslunni *Innleiðing geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum á Íslandi* og leggur áherslu á að skóla- og frístundasvið eigi gott samstarf við hlutaðeigandi aðila um innleiðingu þeirra tillagna sem snúa að leik- og grunnskólum.

Greinargerð:

Margar aðgerðir í skýrslunni eru á ábyrgð ríkisins, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Embættis landlæknis. Þær aðgerðir sem sveitarfélögin bera ábyrgð á eru flestar háðar aðgerðum á vegum ríkisins. Það er því ekki tímabært að fara í nákvæma skoðun, kostnaðarmat og innleiðingu í leik- og grunnskóla þar sem undirbúningur stendur enn yfir á vegum ríkisins. Tekið skal fram að ýmsar aðgerðir í skýrslunni eru þó nú þegar komnar í framkvæmd eða í vinnslu hjá skóla- og frístundasviði, verkið er því hafið. Skóla- og frístundaráð fagnar áformum um aukið samstarf um farsæld barna og mun styðja við aðgerðir ráðuneytanna við innleiðingu skýrslunnar og framgang frumvarps til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.